

Truenorth Ísland ehf.
Hólmaslóð 8
101 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Vestmannaeyjum 24. febrúar 2017
UST201702-173/P.V.B.
09.06.01

Efni: Umsókn um kvikmyndaleyfi - Reykjanesfólkvangur

Umhverfisstofnun hefur móttengið erindi True North, dags. 14. janúar 2017, vegna leyfis til kvikmyndatöku innan Reykjanesfólkvangs 10. mars og á tímabilinu 16-17. mars 2017 vegna verkefnisins Black Mirror.

Reykjanesfólkvangur var stofnaður árið 1975, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing framkvæmdar:

Tökur fara fram við fjósið við Grænavatn 10. mars og við Krísuvíkurveg við Kleifarvatn 16-17. mars. Við Fjósið fara tökur fram innan dyra en stutt sena verður tekin upp utandyra. Við Krísuvíkurveg fara tökur fram á og við vegin og við kletta rétt norðan við Syðristapa og á stapanum sjálfum. Á klettinum verður poka og reiðhjóli hent í vatnið í tengslum við tókurnar. Tökuliðið mun verða með Zodiak bát og kafara á svæðinu af öryggisástæðum og einnig til að hægt sé að ná í leikmunina sem kastað verður í vatnið. Til að hægt sé að sjósetja bátinn og sækja leikmunina er talið nauðsynlegt að keyra á bíl með kerru eftir slóða sem liggur að vikinni rétt norðan við Syðristapa. Loka þarf tímabundið fyrir umferð um Krísuvíkurveg, þó aldrei meira en 5 mín í senn, og að gefnu leyfi Umhverfisstofnunar fyrir kvikmyndatökunum á svæðinu verður sótt um leyfi Vegagerðarinnar og lögreglu fyrir tímabundinni lokun á vegi. Reglur Vegagerðarinnar um vinnustaðamerkingar verður framfylgt. Að tókunum koma 100 manns og þrír leikarar. Tökustaðabúðir verða á bílastæði Seltúns. Þar verður staðettur salernisbíl ásamt 9 vörubílum með tæki og um það bil 25 fólks- og sendibílar. Við tókurnar við fjósið verður vörubílinum þó lagt þar.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun lítur svo á að tókurnar sjálfar séu ekki leyfis skyldar af hálfu Umhverfisstofnunar þar sem þær fara fram á vegum eða við fjósið og ekki er gert ráð fyrir að þeim fylgi jarðrask. Hins vegar er samkvæmt 1 mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vegar. Heimilt er, ef nauðsyn krefur og með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar, að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við viðhald skála og neyðarskýla og vegna kvikmyndatöku, enda sé ekki unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt sbr. 2. mbr. 31. gr. lagana. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að framkvæmdin hafi neikvæð áhrif á svæðið ef tekið er tillit til eftirfarandi skilyrða.

Niðurstaða: Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti akstur bíls í fjörunni í vikinni norðan við Syðristapa til að sjósetja og taka á land Zodiak bátinn sem notaður verður við tókurnar, á tímabilinu 16-17. mars 2017 að uppfylltum neðangreindum skilyrðum.

- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir tókur hefjast og þegar frágangi líkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Starfsmenn við kvikmyndatökuna gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask.
- Allur akstur utan vega og merktra slóða er óheimill. Á þetta einnig við um slóða sem eru aflagðir og búið að loka. Óheimilt er að leggja bílum utan vega nema skv. 1. mgr. 31. laga um náttúruvernd bílbreidd frá vegi ef að veldur ekki náttúruspjöllum eða slyshættu. Við Syðristapa er bílastæði þar sem hægt er að leggja bílum en mælst er til þess að fjölda farartækja við tókustaðin sé haldið í lágmarki.
- Heimilt er að keyra bíl með kerru í fjörunna norðan við Syðristapa eins og lýst er á korti í umsókn umsækjanda. Skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um aksturinn að tókum loknum. Óheimilt er að leggja bílum í fjörunni.
- Umferð Zodiakbátsins takmarkast við það svæði sem tókur fara fram á.
- Koma skal fyrir merkingum við Kleifarvatn að um leyfi fyrir framkvæmdinni hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Gæta skal að mengunarvörnum bifreiða og þess gætt að mengandi vökvar berist ekki í jarðveg.
- Afmá skal öll ummerki um kvikmyndatökunar á svæðinu þegar þeim er lokið.
- Ganga skal snyrtilega um svæðið og þess gætt að allt rusl verði fjarlæggt.
- Óheimilt er að raska gróðri og jarðminjum.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Kynna skal fyrir starfsfólki kvikmyndatökunnar þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og tókur hefjast.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast tókunum og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun.


Umhverfisstofnun bendir á að samþykki landeigenda þarf fyrir tókunum. Sækja þarf um leyfi til Hafnarfjarðarbæjar til að nýta bílastæðinn við Seltún og kvikmyndatökunum við Fjósið. Eins þarf umsækjandi að sækja um leyfi til Vegagerðainnar fyrir tókunum.

Eftirlit


Umhverfisstofnun mun fara með eftirlit með framkvæmdinni og frágangi fjörunar við Kleifarvatn. Innheimt verður fyrir eftirlitið samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar 13.200 kr/klst.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi til aksturs utan vega í tengslum við kvikmyndagerð. Gjaldið er 39.400, sbr. 24. gr. a. í gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir
Sviðstjóri



Þórdís Vilhelmina Bragadóttir
Sérfræðingur